

13
5. maí

L Ö G

um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolfertilit.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvoru tveggja að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

2. gr.

Við 3. málsgr. 36. gr., sem verður 4. málsgr. 36. gr., bætist: svo og vörur, sem eru fengnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgr. þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

14
5. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kom-

innar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vörur þær, sem 14
tóbaksgerð ríkisins eða einkasölnunnar framleiðir, skal vera óbundin. 5. maí

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

3. gr.

2. gr. laga nr. 75 23. júní 1932 er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

15

5. maí

um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921,
um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938,
um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Lög nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við þau, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.